



FÉLAG  
FRAMHALDSSKÓLA-  
KENNARA

## FRAMHALDSAÐALFUNDUR 19. SEPTEMBER 2014

### Fundargerð framhaldsaðalfundar Félags framhaldsskólakennara 19. september 2014

#### DAGSKRÁ

##### Föstudagur 19. september

- 13:00 Mæting og afhending fundargagna
- 13:15 Fundur settur
- 13:45 Lagabreytingar til samræmis við breytt lög KÍ
- 14:30 Fjárhagsáætlun 2014-2018
- 14:50 Kosningar:
  - Framboðsnefnd KÍ
  - Stjórn Orlofssjóðs KÍ
  - Stjórn Sjúkrasjóðs KÍ
  - Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ
- 15:00 Kaffihlé
- 15:30 Önnur mál
  - a. Karlagata 15
  - b. Vinna við vinnumat samkvæmt kjarasamningi
  - c. Framkvæmd kjarasamninga
- 16:50 Fundaslit

## **Guðríður Arnardóttir, formaður FF, lýsir aðalfundinn áframhaldinn kl. 13:26**

Hún þakkar Önnu Maríu Gunnarsdóttur fyrir starf við undirbúning fundarins, stjórn og sér í lagi Kjartani Þór Ragnarssyni fyrir vinnu við lagabreytingartillögur, auk starfsfólks KÍ sem kemur að fundinum. Hún talar um aðalfundinn í vor, stöðu mála þá, verkfall og þess háttar og rekur ástæður þessa framhaldsaðalfundar - breytingar þær sem urðu á lögum KÍ á þingi sambandsins sem haldinn var eftir aðalfund FF. Lagabreytingartillögur þær sem lagðar eru fram á þessum framhaldsaðalfundi FF ganga eins skammt og hægt er, en þó þannig að lög félagsins samræmist lögum KÍ. Hún ræðir um Hvítbók menntamálaráðherra, og samstarfsleysi við kennara og samtök þeirra - að Hvítbókin sé skrifuð af nafnlausum aðilum. Hún bendir á kosti Hvítbókar, markmið hennar í læsi og minnkun brottfalls úr framhaldsskólum, en dregur þó fram þá hluta hennar sem snúa að styttingaráformum. Hún minnir á það sem fram kemur í Hvítbók um að lykilmreytingum verði ekki komið nema í samráði við kennara og því hefur KÍ óskað eftir aðild að starfshópum á grundvelli Hvítbókar. Þrátt fyrir þessi fögru orð Hvítbókar hafa engin svör hafa borist við þessari ósk KÍ og á dögnum fréttist af skipan starfshóps á vegum ráðuneytisins, án aðkomu samtaka kennara. Guðríður talar um fjárlagafrumvarpið og niðurskurð í framhaldsskólum, fækkun nemenda og forgangsroðun, þar sem eldri en 25 ára muni ekki njóta forgangs inn í framhaldsskóla. Framhaldsskólakennarar hafa aldrei verið spurðir ráða í þessum málum. Hún spyr fundarmenn hvort þeir séu svartsýnir. Þá bendir hún á að þetta sé þó bara frumvarp. Það þýði að umræða þurfi að fara hátt til að breytingar verði gerðar áður en frumvarpið verði að lögum. Þá talar hún um skýrslu um stærðfræðináms- og -kennslu, hvernig hún kallast á við Hvítbók, en stangast á við fjárlagafrumvarpið. Nýir kjarasamningar voru gerðir í vor og þar eru ákvæði um þróun nýs vinnumats. Reynir Þór Eggertsson og Elna Katrín Jónsdóttir eru fulltrúar FF og Stefán Andrússon FS í verkefnisstjórn um vinnumat. Hún hrósar verkefnisstjórninni fyrir góða og hraða vinnu, en Elna Katrín mun fjalla betur um vinnumatið síðar á fundinum. Fjallað verður á fundinum um fjárhagsáætlun og fasteign félagsins á Karlagötu 15. Við megum vera svartsýn út af viðvarandi niðurskurði, en þurfum að horfa á ljósu punktana. Hún hvetur fundarmenn til að láta í sér heyra, standa vörð um kjarasamninginn okkar. Pottur er víða brotinn í réttindum starfsmanna í framhaldsskólunum og það hefur komið henni á óvart. Fjölmargir kennarar eigi rétt á fastráðningu en hafi ekki fengið, og kennurum sé boðið undir kjarasamning, t.d. í greiðslum fyrir nemendaferðir. Við þurfum að standa vörð um innihald náms til stúdentsprófs. Þetta getur verið erfitt, en má alveg vera skemmtilegt samt. Hana sviður þegar ráðherra vill ekki tala við okkur, vill ekki tala við sérfræðingana - allir þykist vita hvernig haga eigi skólamála, en í raun viti það enginn nema þeir sem hafa til þess menntun, fagfólkið. Það er fínt djögg að vera kennari. Hún óskar öllum góðs gengis í dag, megi fundurinn verða skilvirkur.

## **Kosning fundarstjóra og -ritara**

Formaður FF ber upp þau Guðbjörn Björgólfsson og Kolbrúnu Elfu Sigurðardóttur sem fundarstjóra, Sigríði Rögnu Birgisdóttur og Reyni Þór Eggertsson sem ritara. Fundurinn samþykkir þau með lófataki.

Kolbrún Elfa tekur við fundarstjórn, minnir á starfskonur fundarins og skjalavörð. Hún áréttar stöðu aðalfulltrúa, varafulltrúa og almennra fundargesta. Aðeins aðalfulltrúar hafa tillögu- og atkvæðisrétt. Fundarstjóri hefur nafnakall.

Fundarstjóri minnir fólk utan af landi á að ganga frá greiðslum vegna ferðakostnaðar.

Það er opið fyrir framboð til trúnaðarstarfa sem kosið verður um síðar í dag. Framboð hafa komið fram, en enn má bjóða sig fram, sér í lagi í framboðsnefnd. Áhugasamir eru beðnir að snúa sér til Ragnhildar, starfsmanns fundarins. Framboðsfrestur rennur út kl. 14.20. Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins í dag.

### **Lagabreytingar til samræmis við breytt lög KÍ - Kjartan Þór Ragnarsson**

Kjartan rekur ástæður þessara lagabreytingartillagna - breytt lög KÍ frá þingi KÍ í vor. Hann fer yfir breytingartillögurnar og útskýrir þær. Sjá fylgiskjöl með lagabreytingartillögum og greinargerð. Kjartan stingur upp á því að fyrst verði farið yfir þær tillögur sem tengjast KÍ-lögnum, en síðar yrði farið yfir þær breytingartillögur sem fyrri stjórn lagði fyrir aðalfundinn í vor, en var frestað þá. Þetta samþykkt af fundarmönnum.

Kjartan lýkur yfirferð sinni. Fyrirspurnir úr sal.

Staldráð við orðalag í 3. tölulið í 9. gr. en ákveðins misskilnings gætti hjá fundarmanni sem gerði athugasemd þar.

Nafnlaus athugasemd úr sal um skilning á KÍ - þingi á 13. gr. að sú leið að skipun á fulltrúum FF í stjórnir sjóða á vegum KÍ byggji á kosningu á aðalfundi félagsins, væri leyfileg gagnvart lögum KÍ.

Gylfi Þorkelsson, FSu

Gylfi fagnar þessari leið sem valin er í breytingartillögum stjórnar FF um að skipun á fulltrúum FF í stjórnir sjóða á vegum KÍ byggji á kosningu á aðalfundi félagsins.

Pétur Vilbergur Georgsson, Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Spyr hvað menn geri ef enginn býður sig fram. Hvað gerist þá? Ætti að setja inn málsgrein um þetta í löginn?

Umræður og skilningur fundarmanna að það sé hlutverk uppstillingarnefndar að finna frambjóðendur og því ekki þörf á sérstöku ákvæði um þetta.

Gylfi Þorkelsson, FSu

Spyr um fulltrúa FF í stjórn KÍ.

Kjartan svarar og útskýrir breytinguna á 8. gr. Atkvæðavægi hvers formanns aðildarfélags var breytt til samræmis við fækkun fulltrúa í stjórn KÍ og miðast við fjölda félagsfólks í hverju aðildarfélagi.

Júlía B. Sigurðardóttir, Framhaldsskólanum á Laugum

Varðandi 7. gr. Stingur upp á því að aðalfundur FF sé alltaf haldinn eftir KÍ-þing.

Kjartan útskýrir ástæðuna varðandi kjörtímabil núverandi stjórnar. Anna María útskýrir praktíska ástæðu þess að aðalfundir FF séu haldnir á undan, að annars gæti hann ekki verið haldinn fyrir en í maí, eða eftirfylgjandi haust.

Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum

Hún gerir athugasemd við orðalag í 20. gr. og bendir á að rétt sé að taka út fyrra „og“ í „Ganga frá markmiðum og áherslum í samningsgerð og endanlegri kröfugerð.“

Fyrst var ákveðið að vísa þessu til yfirlstrar, en eftir talsverðar umræður og vangaveltur síðar síðar á fundinum varð ljóst að orðið þarf að standa á sínum stað vegna merkingar málsgreinarinnar.

Fulltrúi Borgarholtsskóla

Spyr hvort formenn einir hafi rétt til stjórnarsetu hjá KÍ, ekki varaformenn?

Honum svarað varaformenn taki sæti í stjórn KÍ, ef formenn forfallast.

Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum

Spyr af hverju ákvæði sé sett um að stjórn KÍ skuli þurfa að samþykkja lög FF.

Guðríður útskýrir að lög aðildarfélaga þurfi að staðfestast af stjórn KÍ skv. lögum sambandsins og þess vegna sé þetta sett fram þarna.

Gengið til atkvæða:

- 2. gr. samþykkt
- 7. gr. samþykkt
- 8. gr. samþykkt
- 10. gr. samþykkt
- 12. gr. samþykkt
- 13. gr. samþykkt
- 16. gr. felld út og áframhaldandi breytingar - samþykkt
- 17. gr. samþykkt
- 19. gr. samþykkt
- 20. gr. samþykkt
- 22. gr. samþykkt
- 25. gr. samþykkt

Lögin borin upp í heild sinni. Samþykkt með einu móttatkvæði.

### **Fjárhagsáætlun 2014-2017, Guðríður Arnardóttir**

Lenging kjörtímabilsins út af breytingum á lögum KÍ kalla á að stjórn leggi fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 líka. Tekjuhliðin ákvarðast af stjórn KÍ, og hefur því ekki hækkad vegna samninga, en á eftir að breytast í þeim áætlunum sem lagðar verða fyrir ársfundi FF síðar á kjörtímabilinu. Hún bendir á „aðrar tekjur“ sem eru leigutekjur af Karlagötu 15. Hún bendir á að stjórn leggi til að félagið eigi íbúðina áfram, en það verður rætt undir liðnum *Önnur mál*.

Áætlunin gerir ráð fyrir háum framlögum í samninganefnd þau ár sem samningar eru lausir og viðbúið að kostnaður verði hár. Enginn aðalfundur verður haldinn fyrr en 2018 í samræmi við nýsamþykkt lög. Í starfsáætlun stjórnar var gerð breyting á framkvæmd erindrekstrar, þannig að

hann er nú í höndum formanns og einhverra fulltrúa í stjórn eða samninganefnd félagsins. Hún bendir á hækkun á framlögum til erlends samstarfs, og útskýrir hana með tilvísun í fjárhagsáætlanir annarra aðildarféлага KÍ, og með því að fyrrverandi formaður var aðalfulltrúi í stjórn norrænu kennarasamtakanna, og var því allt greitt af KÍ. Hún telur að við eigum að nýta okkur það að við eigum 2 sæti á fundum og ráðstefnum á vegum norrænu kennarasamtakanna, því að þetta samstarf gagnist okkur vel. Þá vill hún auka þátttöku fleiri einstaklinga í alþjóðlegu samstarfi en heitir því að þessu fé verði ekki varið í óþarfa vitleysu.

Framlag til félagsdeilda hefur ekki verið hækkað. Sumar félagsdeildir hafa ekki verið að nýta þetta fé og hún telur ekki nauðsyn að hækka það.

Þá bendir hún á 0,1% framlag í fræðslustarf sem samið var um í vor. Þetta er talsvert fé sem verður t.a.m. varið í þjálfun í samningatækni fyrir fulltrúa í samstarfsnefndum, og mun vonandi skila sér í endurskoðun stofnanasamninga á næstu misserum.

Þá bendir hún á að ákvörðun vinnudeilusjóðs frá í vor um að sjóðurinn myndi ekki bera kostnað af verkfallinu í vor, hefur verið tekin aftur, og fjárhagsstaða FF því í betri málum en leit út fyrir í vor og verður að líkindum jákvæð í árslok.

FF skuldar KÍ fyrir hallarekstur undanfarinna ára, en mun væntanlega ná að endurgreiða það strax á næsta ári.

Guðríður leggur áætlunina fram.

### **Fundarstjóri opnar fyrir fyrirspurnir.**

Guðmundur Björgvin Gylfason, FSu

Spurning um kostnað vegna trúnaðarmanna. Hvort þetta væru laun þeirra.

Svar: þetta er kostnaður sem tengist þeim.

Hann telur að það þurfi að borga trúnaðarmönnum betur, álag á þeim hefur aukist, og því þurfi að hækka þennan kostnaðarlið.

Þá telur hann að FF fái of lítið af félagsgjöldunum frá KÍ í sinn hlut.

Þá bendir hann á að verkfallsmiðstöðvar hafi verið á fleiri stöðum en í Reykjavík og fólk hafi verið í sjálfböðavinnu úti um allt land, og það þyrfti að hafa samræmi í þessu.

Guðríður tekur undir ábendingarnar um trúnaðarmennina. Það hafi vakið athygli hennar hve lítill áhugi sé meðal félagsfólks að bjóða sig fram til þessara starfa. Því þurfi að fara í endurskoðun á þeim kjörum sem trúnaðarmönnum er boðið. Taka þurfi tillit til þess hve mismunandi verkefni væru hjá trúnaðarmönnum eftir skólum. Hún er á því að aukning tekna FF geti orðið til þess að styrkja trúnaðarmannastarfið, jafnvel í formi kennsluafsláttar. Guðríður leggur til að framlög til trúnaðarmanna verði hækkuð í fjárhagsáætluninni (fært til bókar).

Varðandi okkar hlut í KÍ - á að útdeila eftir tekjum eða félagafjölda? Það hefur ekki verið samstaða um það í stjórn KÍ að deilt sé út eftir tekjum, en þó fáum við ögn meira en okkar hlut miðað við fjölda félagsfólks. Þá eru tekjur KÍ að aukast verulega og mun hún vinna í því að ná í eitthvað af því fé.

Anna María svarar því að félagið hafi greitt fyrir rekstur verkfallsmiðstöðva úti um allt land.

Guðni Guðjónsson, Iðnskólanum í Hafnarfirði

Spyr um kostnaður vegna Karlagötu 15. Hann telur hann vanmetinn, og ekki rétt að félagið reki húsnæðisleigu og ekki samræmi við lög félagsins. Hann spyr hver sé raunkostnaður við húsið.

Guðríður svarar því hver kostnaðurinn hafi verið undanfarin ár og vísar í endurskoðaða reikninga félagsins. Mikið hafi verið gert við húsið á undanförunum árum, og því sé ekki mikill viðhaldskostnaður fyrirhugaður.

Ólafur Baldvin Sigurðsson, FSS

Tekur undir orð Guðna og leggur til að Karlagatan verði seld. Ber fram formlega tillögu þess efnis.

Gylfi Þorkelsson, FSu

Tekur undir það sem Guðmundur Björgvin hafi nefnt um trúnaðarmenn og lýsir yfir áhyggjum af álagi á stjórnir félagsdeilda og trúnaðarmanna í vetur vegna vinnu við vinnumat.

Guðríður tekur undir þessar áhyggjur.

Guðmundur Björgvin Gylfason, FSu

Leggur til að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar þangað til Karlagötumálið hefur verið afgreitt.

Guðbjörn Björgólfsson, samninganefnd

Vekur athygli á því að skólameisturum ber að gera trúnaðarmönnum grein fyrir þeirri vinnu sem er að eiga sér stað vegna námskrár og tekur undir tillögu Guðmundar Björgvins um aukið fé til trúnaðarmanna.

Anna María bendir á að trúnaðarmenn FF séu einu trúnaðarmenn innan KÍ sem fái eitthvað greitt fyrir þessi störf.

Sólveig Friðriksdóttir, VÍ

Telur að varla sé hægt að kalla trúnaðarmennsku launað starf þegar tímalaunin verði kannski um 300 kr. miðað við þá vinnu sem reidd er af hendi.

Sólveig Ebba Ólafsdóttir, samninganefnd

Skilur ekki þá skýringu að stjórn KÍ geti bara ákveðið að greiða ekki til aðildarfélaganna eftir hlutfalli af tekjum, heldur fjölda félagsmanna.

Guðríður svarar á grundvelli laga KÍ. Við séum öll í sama félagi, KÍ sé ekki regnhlíf samtök, heldur eitt félag.

Júlía B. Sigurðardóttir, Laugum

Ítrekar skoðun sína að aðalfundur FF sé bara haldinn einu sinni á ári eftir KÍ-þing.

Pétur Vilbergur Georgsson, FSn

Spyr um af hverju það vanti upphæðir í fjárhagsáætlunina í liðinn aðalfundur/ársfundur.

Guðríður útskýrir að þessar tölur komi fram undir liðnum „fulltrúafundur“ neðar í áætluninni.

**Dagskráartillaga Guðmundar Björgvins Gylfasonar, FSu um frestun á afgreiðslu fjárhagsáætlunar fram yfir umræður um Karlagötu 15 borin upp og samþykkt.**

**Kosningar til trúnaðarstarfa - Lóa Steinunn Kristjánsdóttir formaður uppstillingarnefndar gerir grein fyrir frambjóðendum til trúnaðarstarfa.**

**Framboð til framboðsnefndar KÍ (1 fulltrúi)**

Hjálmar Þ. Baldursson, Borgarholtsskóla

Sólveig Friðriksdóttir, Verzlunarskóla Íslands

**Framboð til stjórnar Sjúkrasjóðs KÍ (1 fulltrúi)**

Ásdís Auðunsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík - sjálfkjörin

**Framboð til stjórnar Orlofssjóðs KÍ (1 fulltrúi)**

Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands

Jón Ólafsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

**Framboð til stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ (1 fulltrúi)**

Guðbjörn Björgólfsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands

**Kaffihlé**

Fundur hefst aftur kl. 15:45

**ÖNNUR MÁL:**

**1. Karlagata 15 - Guðríður:**

Stjórn leggur fram tillögu um að félagið eigi áfram íbúðina á Karlagötu 15. Guðríður talar fyrir þeirri tillögu. Ákveðið var á aðalfundi í vor að fresta ákvörðunartöku til framhaldsaðalfundar. Félagið hefur átt íbúðina frá 2005 og keypti hana vegna þess að fyrrverandi formaður kom frá Akureyri, til að jafna tækifæri félagsfólks til formannsstarfa fyrir félagið óháð búsetu. Allar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir í endurskoðuðum reikningum félagsins. Það er auðvitað ekki eðli eða hlutverk stéttarfélaga að eiga og reka íbúðaleigu. Aftur á móti á félagið eigið fé sem bundið er í þessari fasteign. Ef ekki þyrfti félagið að ávaxta þessa upphæð á annan hátt. Því telur stjórn réttast að að ávaxta féð með því að eiga íbúðina áfram, fremur en að taka áhættu á fjármálamarkaði. Hún minnr á skýrsluna sem unnin var um stöðu FF innan KÍ og ályktunina frá FF um að félagið héldi sjálfstæði sínu. Þótt ákveðið verði nú að eiga íbúðina áfram, þýðir það ekki að hún verði aldrei seld.

Það er hægt að breyta þessari ákvörðun á næsta aðalfundi. Það er ekkert aðkallandi viðhald, búið að laga þak og ýmislegt fleira. Verði íbúðin leigð út á markaðsvirði fær félagið alltaf leigutekjur sem dekkja allan þann kostnað sem hlýst. Þess vegna leggur stjórn til að félagið eigi íbúðina áfram.

### **Umræður og fyrirspurnir**

Gylfi Þorkelsson, FSu

Er það bara aðalfundur sem getur tekið ákvörðun um að selja íbúðina?

Svar: Nei, fulltrúafundur á líka að geta tekið ákvarðanir.

Ólafur Baldvin Sigurðsson, FSS

Sagðist hafa verið í allsherjarnefnd á aðalfundi í vor og þetta hafi verið rætt fram og aftur. Hann sér ekkert í lögum félagsins um að félagið eigi að standa í húsnæðisbraski. Hví ekki að kaupa fleiri íbúðir og leigja þær út? Hann vill meina að þetta sé áhættufjárfesting, þótt búið sé að gera við margt. 2% viðhaldskostnaður sé vanáætlað. Þetta er gamalt húsnæði og töluverðar líkur á að viðhald verði meira en áætlað er. Því leggur hann til að íbúðin verði seld. Þurfi félagið að útvega íbúð síðar fyrir formann, getur það þá bara keypt nýja. Og ef félagið vilji tryggja fé sitt, þá voru tveir sparisjóðir sem ekki fóru á hausinn í hruninu, Sparisjóður Þingeyinga og Sparisjóður Strandamanna. Hann leggur til að féð verði lagt inn í þann síðarnefnda.

Guðjón Ragnar Jónasson, MR

Það er honum þyrnir í augum að félagið standi í húsnæðisbraski á þennan hátt. Og fremur en að kaupa íbúð undir formann ætti félagið að borga leigustyrk. Þó styður hann að félagið eigi að eiga íbúðina áfram tímabundið. Það væri óskynsamlegt að selja núna, en telur að selja eigi íbúðina innan tveggja ára.

Björn Gísli Erlingsson, ME

Lifi 101. Íbúðaverði í miðborginni hefur verið haldið uppi af utanbæjarfólki. Þetta hefur verið besta leiðin til að varðveita fé. Hann styður tillögu stjórnar en vill að bætt verði í hana að fulltrúafundur geti breytt ákvörðuninni.

Guðni Guðjónsson, Iðnskólanum í Hafnarfirði

2% er ágætlega áætlað. En félagið þarf að hafa notagildi fyrir eignina. Það væri miklu nær að setja féð í skrifstofuhúsnæði, t.d. til að leigja Vísindasjóðnum. Hann tekur undir með Guðjóni um að félagið ætti frekar að borga leigustyrk en eiga íbúð fyrir formenn.

Pjetur St. Arason, VA

Telur að skoða eigi málið kalt. Þetta eru fastafjármunir og telur rétt að geyma þá þar og því styður hann tillögu stjórnar með viðbótum formanns í kjölfar tillögu Gísla. Upplagt að eiga íbúðina áfram. Hann er stoltur af að vera í FF og ber fullt traust til stjórnarinnar sem kosin var í vor. Hann veltir fyrir sér aðstæðum næsta formanns, ef hann kæmi utan af landi, og því vill hann eiga íbúðina áfram.

Óli Njáll

Vill að tími félagsins fari í „okkar mál“, kjaramál og þess háttar og hvetur því fundarmenn til að taka þá ákvörðun um að selja Karlagötu 15 á næstu árum.



Pétur Vilbergur Georgsson, FSn

Hjó eftir orðum Guðríðar um að allir þættust sérfræðingar í kennslu og því hefði hann talað við fasteignasala sem taldi rétt að selja á þessu ári. Sér sjálfum hafi verið ráðlagt að selja sína eign í 101 á þessu ári og spyr hver hafi ráðlagt stjórn varðandi leiguupphæð. Þetta er félag og fé á að nota til að efla félagsstarfið. Félagið skuldar KÍ og þetta fé gæti notast til að styrkja t.d. starf trúnaðarmanna.

Magnús Hlynur Haraldsson, skólamálanefnd

Engin ástæða til að eiga íbúð út af starfsemi félagsins. En á að líta á þetta sem fjárfestingarkost. Hvort er betra að geyma féð þar eða á reikningi? Hvað ætlum við að gera við féð ef við seljum? Við þurfum að vita þær forsendur til að vita hvað gert verði við féð.

Guðmunda A. Birgisdóttir, Flensborgarskóla

Tekur undir að selja íbúðina. Nennir ekki að ræða þessi mál lengur, vill að féð verði notað til að greiða skuld félagsins við KÍ.

Guðmundur Björgvin Gylfason, FSu

Enn einu sinni er verið að ræða þessa íbúð. Eru ekki sérfræðingar í KÍ-húsinu sem geta ráðlagt okkur með ávöxtun fjárens. Styður því þá tillögu sem komið hefur fram að selja íbúðina.

Leifur Ingi Vilmundarson, skólamálanefnd

Fjórði fundurinn sem hann situr þar sem þetta er rætt. Hver er tilgangur félagsins? Auðvitað á að selja íbúðina og nota féð í að bæta starf félagsins. Bendir á að trúnaðarmenn séu í lélegri stöðu.

Ólafur Baldvin Sigurðsson, FSS

Tekur undir það sem komið hefur fram. Vill ekki leigja fólki tímabundið og telur það siðlaust að leigja til skemmri tíma en eins árs. Vill að féð verði notað í eitthvað betra.

Guðríður Arnardóttir, formaður

Telur umræðuna komna á villigötur. Það er gott fyrir félagið að eiga eigið fé, og telur því vel komið í fasteign. Skuld FF við KÍ ber ekki vexti. Hún vill ekki að félagið eigi íbúðina um aldur og ævi. Svarar því hvernig leiguverðið var ákveðið. Gerir fundinum grein fyrir því sem gerðist í vor, eftir að Aðalheiður flutti út, var farið í upplýsingar frá Hagstofunni til að áætla leiguverðið og stjórn tók málefnalega ákvörðun um verðið, vildi ekki leigja út á okurverði. Engar reglur giltu hjá KÍ um hvernig skuli takast á við búsetumál kjörinna fulltrúa utan af landi, og því var farið í það að setja reglur sem byggjast á stöðu alþingismanna utan af landi. Næsta vor verður tekin endanleg ákvörðun um reglur um búsetustyrki til formanna utan af landi.

Hún ítrekar vilja stjórnar að eiga íbúðina áfram, en segir það þó ekki vera neitt sáluhjálparatriði hjá stjórninni. Hún skilur vel þau sjónarmið sem komið hafa fram, sér í lagi að málið hverfi af dagskrá funda í framtíðinni.

Þá bendir hún á að FF sé ekki skattskyldur aðili og þurfi því ekki að borga skatt af leigutekjum.

Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum

Ber fram dagskráartillögu um að gengið verði til atkvæða núna.

## **Dagskráartillaga Erlu Elínar borin upp og samþykkt.**

### **Gengið til atkvæða um tillögur um Karlagötu 15**

1. Tillaga Ólafs Baldvins Sigurðssonar borin upp:

„Að Karlagata 15, eignarhlutur FF, verði seldur.“

18 með, 26 á móti - Fallin.

2. Tillaga stjórnar með breytingum borin upp.

Framhaldsaðalfundur FF 2014 samþykkir að Karlagata 15 verði áfram í eigu félagsins og leigð út á markaðsverði, þar til fulltrúafundur eða aðalfundur ákveður annað.

Samþykkt með miklum meirihluta, 8 mótatkvæði.

### **Gengið til atkvæða um fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

### **Ályktun um hækkun framlaga til félagsdeilda**

Framhaldsaðalfundur beinir því til stjórnar að endurskoða framlög til trúnaðarmanna og félagsdeilda á næstu árum til samræmis við bætta fjárhag félagsins og aukið álag á kjörna fulltrúa.

### **2. Vinna við vinnumat, Elna Katrín Jónsdóttir**

Gerði fundinum grein fyrir stöðu mála. Þetta er óvissuferð, og enn óljóst hvert okkur ber. Núverandi vinnutímaskilgreining er barn annars tíma, og þörf á endurskoðun. Þó er ljóst að ekki eru allar ferðir til fjár. Nú munu allir kennarar þurfa að líta í eigin rann og skoða vel hvernig vinnutímanum er varið. Ákveðið hefur verið að skipta vinnumatsnefndunum fimm fremur eftir faggreinum en eftir skólum. Verkefnisstjórnin hefur unnið af talsverðri röggsemi og telur að fulltrúunum sex í verkefnisstjórninni hafi tekist að vinna vel saman, eru oftast sammála en ósammála. Sér í lagi er hún ánægð með aðkomu fjármálaráðuneytisins að málinu. Samstaða KÍ-liðanna skiptir miklu máli. Hún minnst á reikniverk Odds og það traust sem „mótherjar“ okkar í verkefnisstjórninni sýna Oddi, sem auðvitað er hagfræðingur KÍ. Einn fundur hefur verið haldinn með vinnumatsnefndunum og eftir viku verður fyrsti vinnufundur vinnumatsnefnda haldinn, þar sem þær þurfa að setja sig inn í reikniverkið og hvernig þær ætla að vinna þá vinnu sem þarf að inna af hendi á næstu vikum. Ljóst er að þær munu reka sig á ýmislegt sem betur má fara og að þær þurfi að vera í tengslum við ýmsa aðila utan hveftrar nefndar. Nefndirnar þurfa að vinna mismunandi sýnidæmi, sem byggja á einhverjum millivegi þeirra upplýsinga sem fram koma þegar fólk prófar sig áfram með reikniverkið. Þá þarf FF að koma að málinu. Búið er að kynna stöðu mála fyrir samninganefnd FF, og síðar þarf að vera í samskiptum við trúnaðarmenn og formenn félagsdeilda. Nauðsynlegt er að allir félagar þurfi að geta mátað sig við þau sýnidæmi sem til verða, áður en gengið verður til kosninga í febrúar. Ljóst er að verkið þarf meira eða minna að vera tilbúið í lok nóvember. Það er komin upp vefsíða - verkefnisstjorn.is - þar sem upplýsingar um verkið er að finna.

## Fyrirspurnir og athugasemdir

Guðni Guðjónsson, Iðnskólanum í Hafnarfirði

Hefur miklar áhyggjur af því verkefni sem farið verður í og þeirri útkomu, um að kennarar í iðn-, starfs- og verkgreinum þyrftu að kenna meira en bóknámskennarar. Hefur áhyggjur af undirbúningstímanum og þeim mælieiningum sem notaðar verða. Hann varar við þeirri útkomu, að þá verði mikill flótti þeirra sem eru yngri en 50 ára, úr kennarastétt. Upp hefur komið umræða um stofnun sér stéttarfélags iðnkennara. Stefnir þetta í þá átt?

Gísli Þór Sigurþórsson

Vinnumatið er unnið fyrir gíg ef laun hækka ekki líka.

Guðjón Ragnar Jónasson, MR

Vinnan við vinnumatið þarf að leiða til bættra kjara. Það þarf að efla félagsheildina. Svo þarf að halda almenna fundi til að kynna vinnumatið, mikilvægt að félagsmenn eigi auðvelt að fylgjast með. Það þarf að næra grasrótina. Ólgan er mikil hjá kennurum varðandi kjarabáttinn, en hann trúir því og treystir að þetta verði okkur til góðs.

Pjetur St. Arason, VA

Erfitt að fá verkmenntakennara til starfa, þeir sem koma fari fljótt aftur í fagið sitt.

Gylfi Þorkelsson, FSu

Það á ekki að semja um neitt vinnumat, nema til komi hækkanir. En er ekki búið að semja um hækkunina - 9% í vor? Er það nóg?

Júlía B. Sigurðardóttir, Laugum

Er hægt að sjá dæmi um reikniverkið.

Elna Katrín Jónsdóttir

Hún skilur vel umræðurnar um launin, en ætlar að svara varðandi vinnumatið. Við gerðum þennan kjarasamning, og þess vegna fórum við í þetta ferli. Reikniverkið verður mjög fljótlega orðið aðgengilegt öllum, ekki alveg strax, en mjög fljótlega. Varðandi spurningar Guðna, verða viðmið núverandi reiknilíkans notuð, t.d. varðandi fjölda í hópum. Ekkert er verið að fíkta í þessum viðmiðum. Það hvort ákveðnar greinar komi „verr“ út en aðrar, er það sem kemur fram í prófunum hvers kennara. En hún tekur undir áhyggjur iðngreinakennara. Hún hvetur fólk til að hætta ekki að gagnrýna lág kennaralaun! En hún er ósammála því að við höfum samið illa miðað við aðra.

Guðbjörn Björgólfsson, samninganefnd

Það getur verið erfitt að meta hvenær maður er að vinna. Mig vantar upplýsingar um hvernig ég geti á sem nákvæmastan hátt metið vinnuna mína.

Elna Katrín Jónsdóttir

Þetta er nákvæmlega punkturinn sem fólk lendir í þegar það sest við reikniverkið. Það er misjafnt hvað fólk finnst best - að vinna einir, með öðrum, nota kennsluáætlanir. Mikilvægt sé að prófa sig áfram.

Hermann B. Jóhannesson, Borgarholtsskóla

„Við sömdum um vinnumatíð“ - Hvað þýðir þetta? Sömdum við um hvað sem er? Hvað þýða þessi 9%?

Pjetur St. Arason, VA

Fæ bestu hugmyndirnar þegar ég er úti að hlaupa. Á ég að skrá það?

Guðbjörn Björgólfsson, samninganefnd

Bendir á að við séum alltaf í vinnunni.

Elna Katrín Jónsdóttir

Ég hvet ykkur til að lesa kjarasamninginn einu sinni í viku. Við sömdum miðlægt um ákveðna þætti, t.d. hvernig B-hlutinn lítur út og hvað skuli gera taki fólk að sér viðbótarstörf í C-hluta. Það sem eftir stendur er A-hlutinn, sem yrði metinn í vinnumatí. Við sömdum um að fólk fengi að prófa sig til að sjá hvað kemur út. Síðan verður atkvæðagreiðsla í febrúar, ef við segjum Já, fer ferlið í gang úti í skólunum, en ef við segjum Nei, eru samningar lausir.

Ábyrgðaraðilar úti í skólunum eru skólameistarar og trúnaðarmenn.

Framíkall: Er verið að kjósa um eitthvað sem ekki er tilbúið?

Svar: Kosið verður um skýr sýnidæmi sem gefa fólki góða mynd af því hvernig vinnumatíð verður.

### **Guðríður Arnardóttir, formaður**

Þakkar Elnu og Reyni og þeim sem sitja í vinnumatsnefndum fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið og á eftir að vinna á næstu mánuðum. Það er mikilvægt að nálgast þetta mál af jákvæðni. Við eigum eftir að setja okkur inn í málið. Það verða haldnir kynningarfundir og á heimasíðunni verður hægt að koma með ábendingar og fyrirspurnir. Ljóst er að fulltrúar okkar í vinnumatsnefndunum fimm nái aldrei að dekka alla breiddina úti í skólunum.

### **3. Framkvæmd kjarasamninga, Guðríður Arnardóttir, formaður**

Í ákvæði um samningsforsendur þar sem vísað er í forsendunefnd. Hækkanir ákveðinna hópa eiga að skila okkur aukahækkunum til að koma í veg fyrir gliðnun frá okkar samanburðarhópum. Í forsendunefnd sitja Guðríður og Oddur. Það hafa orðið ákveðnar hækkanir hjá samanburðarhópum, og það er sameiginlegur skilningur að þessar hækkanir þurfi að bæta. Þær Elna hafa fundað með náms- og starfsráðgjöfum um stöðu þeirra. Varðandi skólalok er ljóst að þeir kennarar sem kenna í kvöldskólum og þess háttar hafi ekki fengið sambærilega greiðslu fyrir sína aukavinnu og aðrir. Yfirlýsing menntamálaráðherra í kjarasamningi um hópastærð á að hafa tekið gildi þótt ekki sé búið að auglýsa. Búið er að biðja um fund með ráðherra, en enginn hefur fengist. Það er verið að skera niður, þótt því sé á sama tíma haldið fram að 400 milljónum hafi verið aukið við rekstur framhaldsskólanna.

### **Fyrirspurnir og athugasemdir**

Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum

Hún fagnar „verðtryggingar“-ákvæðinu í kjarasamningnum og segir já við hverju sem er öðru.

Nafnlaus fyrirspurn úr sal

Setur fjárlagafrumvarpið, 3 ára skóli, og 25 ára hámarsaldurinn sem boðaður hefur verið ekki kjarasamninginn í uppnám?

Guðríður Arnardóttir, formaður

Ekki samið um neinar breytingar í kjarasamningi, en það er ákvæði í kjarasamningnum um að taka eigi tillit til þess í vinnumati verði kerfisbreytingar gerðar. Við þurfum að láta í okkur heyra. Við getum öll skrifað greinar! Reynum þó að halda vinnumatinu aðskildu, gerum það með opnum huga!

Gísli Þór Sigurþórsson

Það er rétt með verðtryggingar-ákvæði í kjarasamningnum, en síðast voru sett bráðabirgðalög á það. Við þurfum að passa þennan lið í samningnum.

### **Kjörstjórn tilkynnir úrslit kosninga**

Ásdís Auðunsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík var sjálfkjörin í Sjúkrasjóð.

Sólveig Friðriksdóttir, Verzlunarskóla Íslands, kjörin í framboðsnefnd KÍ.

Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands, kjörinn í stjórn Orlofssjóðs KÍ.

Guðbjörn Björgólfsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, kjörinn í stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ.

### **Fundarstjórar þakka fyrir sig.**

#### **Guðríður Arnardóttir, formaður, flytur kveðjuorð.**

Guðríður þakkar fyrir aðstöðuna í FB, fundarriturum og fundarstjórum, og óskar nýkjörnum fulltrúum til hamingju og velfarnaðar í starfi. Þakkar öllum fundarmönnum fyrir góðan fund og telur það kost að skoðanir séu skiptar og hvetur til samstöðu. Veturinn verður viðburðaríkur, hún hlakkar til næsta fundar og hvetur fólk til að vera í sambandi og láta í sér heyra. Félagsmenn séu stoltir af starfi sínu!

#### **Kl. 17:31 Formaður FF slítur aðalfundi.**

Fundarritarar: Reynir Þór Eggertsson og Sigríður Ragna Birgisdóttir